

Ed.

481. Frumvarp til laga

[234. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 33 26. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Við 124. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. málsgreinar um fjarlægðir eiga ekki við, þegar manni er stefnt til að bera vitni fyrir erlendum dómstóli samkvæmt lögum um norræna vitnaskyldu.

2. gr.

Við 135. gr. laganna, sbr. 16. gr. laga nr. 33 1963, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar manni er stefnt til vitnisburðar samkvæmt ákvæðum laga um norræna vitnaskyldu, ákveður dómari vitnaþóknun samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um norræna vitnaskyldu, sem lagt er fram samtímis. Samfara lögfestingu þess lagafrumvarps verður nauðsynlegt að gera tvær smábreytingar á lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 1936. Hin fyrri varðar ákvæði 124. greinar einkamálalaganna um fjarlægðarmörk í sambandi við vitnaskyldu. Hin almennu fjarlægðarmörk samkvæmt núgildandi lögum koma efalítið til nýrrar skoðunar við allsherjarendurskoðun á einkamálalögum. Því hefur verið hreyft, að til greina kæmi að nema þau alfarið úr gildi. Ekki sýnist rétt að taka afstöðu til þessa, við breytingu af tilefni þessarar sérstöku vitnaskyldu, sem veldur því, að ákvæðinu þarf að breyta. Svo sem um er rætt, í greinargerð með frumvarpi til laga um norræna vitnaskyldu, má ætla að ekki mundi oft koma til heitingar hinnar norrænu vitnaskyldu í samskiptum Íslands við önnur Norðurlönd. Er í því sambandi vísað til ákvæða 1. málsg. 2. greinar lagafrumvarpsins um norræna vitnaskyldu, þar sem ákveðið er, einmitt með hliðsjón af almennum ákvæðum norskra og íslenskra laga um fjarlægðarmörk, að því aðeins skuli gefa út vitnastefnu, að telja verði að vitnisburður kunní að hafa verulega þýðingu fyrir úrslit máls og að það hafi verulega þýðingu, að vitni beri vætti fyrir dómi í því landi, en ekki, svo sem títt er, að vitnaskýrsla sé tekin á heimilisvarnarpingi vitnis, sem áfram ber að gera nema sérstakar ástæður komi til, sbr. það, sem áður var sagt.

Síðari breytingin, á 135. gr. einkamálalaganna, fjallar um þau sérstöku úrlausnarefni, sem varða greiðslu á kostnaði til vitnis, svo sem ferðakostnaði og dvalarkostnaði og þóknun fyrir vinnutap, þegar um það er að ræða. Nauðsynlegt er, að um þetta efni verði komið á samræmdum reglum í öllum löndunum. Þarf því að setja almennar, samræmdar reglur, sem ráðherra setur og gert er ráð fyrir, að samið sé um milli Norðurlandanna. Í hverju einstöku máli úrskurðar dómari um greiðslur til vitnis, samkvæmt hinum almennu reglum.